

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 1

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist varðandi skilmála útboðsgagna fyrir Holtsveg 20 undir lið 0.2.1, Kröfur um hæfi bjóðenda:**

*Settar eru fram eftirfarandi kröfur um fjárhagslegt hæfi bjóðenda.*

*„Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár hafi að lágmarki verið sem nemur 80% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts.“*

*Í útboðsgögnum er ekki tekið fram hvort tekið sé tillit til heildar veltu bjóðenda með veltutölum undirverktaka.*

*Í okkar tilfelli óskum við eftir því að það sé tekið til greina. Þar sem raunveruleg starfsemi okkar spannar aðeins um rúmt ár.*

*Fyrir störfuðum við hjá einu stærsta verktakafyrirtæki landsins og uppfyllum við tæknilegar kröfur um hæfi bjóðenda að öllu leyti og teljum einnig að sé tekið mið af verkefnastöðu síðastliðið ár hjá okkur við ættum við með eðlilegum hætti að uppfylla kröfur um veltutölur.*

*Við teljum að hægt sé að túlka skilmála á þann hátt mögulegt sé fyrir bjóðendur að taka mið af heildar veltu helstu undirverktaka, þá pípara, rafvirkja, blikkara, lóðarverktka o.þ.h. til þess að sýna fram á fjárhagslegt hæfi.*

*Við óskum eftir afdráttarlausum svörum sem fyrst svo við getum lagt í vinnu við tilboðsgerð.*

**Svar verkkaupa:**

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, er fyrirtæki heimilt, eftir því sem við á og vegna tiltekins samnings, að byggja á fjárhagslegri, tæknilegri og faglegri getu annarra aðila óháð tengslum við þá. Þá segir í 2. mgr. 67. gr. laganna að fleiri fyrirtækjum sé heimilt að standa að tilboði eða þátttökutilkynningu sameiginlega, enda teljast þau þá bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Jafnframt er kaupanda heimilt að krefjast þess að eitt fyrirtæki komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samnings og standi kaupanda öll skil. Er þ.a.l. heimilt að fleiri en eitt fyrirtæki standi saman að tilboði.

Krafa kaupanda í slíkum tilvikum er sú: að standi fleiri en tveir aðilar að tilboði komi aðeins einn fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samnings og standi kaupanda skil, sbr. 2. mgr. 67. gr. laganna / eða sé um tvo aðila að ræða sem standa saman að tilboði, beri þeir sameiginlega ábyrgð á efndum samnings gagnvart kaupanda, sbr. 3. mgr. 76. gr. laganna.



Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 2

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Til vara óska ég eftir að verkkaupi taki til skoðunar breytingu á skilmálum og kröfu um fjárhaglegt hæfi ef það er mögulegt. Þá að ársvelta seinasta árs bjóðenda sé 250 m.kr. eða meiri.*

**Svar verkkaupa:** Hafnað

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 3

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Við höfum fengið beiðni frá birgja okkar um að óska eftir framlengingu útboðsstíma sem nemur 1,5 viku vegna páska og frídaga sem hafa áhrif á afhending gagna og úrvinnslu tilboð í okkar hendur.*

*Óskað er því eftir að opnun tilboða verði seinkað til. 29 apríl.*

**Svar verkkaupa:** Hafnað, þar sem útboðsgögn hafa verið aðgengileg frá og með 9. mars og frestur til að gera tilboð því tæpar 6 vikur eða 42 dagar.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 4

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Bjóðandi óskar eftir að útboðsfrestur verði lengdur um 7- 10 daga þar sem opnun útboðs er strax eftir páska þ.e 19 apríl og margir birgjar eru með lokað vikuna fyrir páska og treysta sér ekki til að skila tölum fyrir páskana.*

*Eins er ekki ásættanlegt að þetta sé opnað strax eftir eina lengstu fríhátíð.*

*Því er eindregið óskað eftir að útboðstíminn verði lengdur um þessa 7-10 daga.*

**Svar verkkaupa:** Samþykkt hefur verið að framlengja útboðsfrest um 7 daga, til þriðjudagsins 26. apríl 2022. Tilboð verða opnuð þann dag kl 14:00. Fyrirspurnarfrestur verður framlengdur samhliða því til 17. apríl 2022 og svarfrestur til 20. apríl 2022.

Athugið að framkvæmdatími lengist ekki og skal framkvæmdum vera lokið og verkinu skilað full frágengnu 1. ágúst 2023.

Útboðs- og verklýsingar hafa verið uppfærðar í samræmi við þessar breytingar.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 5

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Mig langar að koma með eftirfarandi ábendingar varðandi þakfrágang í útboðsgögnum fyrir leikskólann í Urriðaholti.*

*Kafli 7.2.1. Frágangur þaks undir torf og timburpall á þaksvölum.*

- *Gufustöðvunardúk/öndunardúk (öfugmæli!) ofan á KLT einingar  
Verklýsing mælir með því að þessi dúkur fylgi KLT einingunum, væntanlega sami dúkur og fylgir veggeiningunum?*

*Teikning sýnir asfaltdúk og forsendur rakaöyggisáætlunar vísar í ákveðna tegund af rakavarnarasfaltdúk til viðmiðunar. Að auki er rangt að tala um öndunardúk á þessum stað í byggingarhluta.*

*Kafli 7.2.2. Torfbak*

- *1. Frágangur jarðvegsdúks.  
Þessi jarðvegsdúk er óþarfur, fyrirskrifa ætti rótarheldan dúk í efra lagið í pappalögninni.  
2. Frágangur drendúks/bolladúks.  
Að mínu mati er drendúkurinn sem lýst er í verklýsingu óþarfur. Bolladúkurinn virkar sem drenlag jafnframt því að vera vatnsmiðlun fyrir gróðurinn á þakinu. Deiliteikningar sýna enda ekki drendúk heldur aðeins bolladúk.*

*Í þessum atriðum er misræmi milli verklýsingar og deiliteikninga sem ég mæli með að sé samræmt.*

*Deiliteikningar sýna viðurkenndar lausnir.*

**Svar hönnuðar:** Takk kærlega fyrir ábendinguna, gögn hafa verið uppfærð í samræmi við þetta.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 6

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Ég rak mig á eitt smáatriði í viðbót:*

*Kafli 7.2.7. Hallandi þök.*

*Í verklýsingu er lýsing á þakfrágangi og skilgreining magntalna en í magnskrá eru engar magntölur, eru þær innifaldar í magntölum í kafla 7.2.2.?*

**Svar hönnuðar:** Já þær magntölur eru innfaldar í kafla 7.2.2. Magnskrá hefur verið uppfærð.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 7

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Óskað er eftir svörum við eftirfarandi*

*Varðandi lið*

*Clt*

*Liðir*

*2.6.1*

*2.6.2*

*2.6.3*

*Óskað er eftir upplýsingum um gerð og magn af hverri gerð af hljóðþéttiborðum (sylodyn).*

*Annað hvort lengd og breidd eða fermetra.*

**Svar hönnuðar:** Staðsetningar og umfang fjaðrandi hljóðvistarborða eða hljóðþéttiborða er búið að skýra betur á uppfærðum teikningum og sérstökum magnliðum hefur verið bætt við magnskrá.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 8

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Það er ósamræmi í gögnunum af töluverðri stærðargráðu er varðar útvegum á leiktækjum. Ef rýnt er í meðfylgjandi lýsingu úr gögnunum, þá er ýmist sagt að verkkaupi eða verktaki útvegi tækin. Þetta verður að vera 100% þar sem kaupin á tækjunum hlaupa líklega á tugum milljóna.*

**8.4.16 Leiktæki og búnaður / uppsetning**

*„Koma skal fyrir leiktækjum og öðrum búnaði skv. grunnteikningum. Öryggissvæði leiktækja eru sýnd á teikningum. **Verkkaupi leggur til leiktækin og annan búnað en verktaki skal sjá um uppsetningu.** Tækin verða afhent á verkstað og skal vertaki finna heppilegan tíma til þess að koma fyrir festingum vegna uppsetningu leiktækja og láta eftirlit vita með góðum fyrirvara. Ekki er greitt fyrir óhagræði sem af þessu kann að stafa. Lögð er sérstök áhersla á að uppsetning leiktækja sé í samræmi við leiðbeiningar viðkomandi framleiðanda og að allar öryggiskröfur séu uppfylltar.*

*Magntölur eru stk. **Einingarverði skal innifela allan kostnað á viðkomandi leiktæki ásamt kostnaði við samsetningu og uppsetningu** á viðkomandi stað. Undirstöður eða aðrar jarðfestur af hvaða tagi sem er sem nauðsynlegar eru fyrir uppsetningu tækis skulu innifaldar í verði. „*

*Í magnskrá er síðan tvískipt í hverjum lið eins og það sé innkaup tækis annarsvegar en uppsetning hinsvegar.*

8.4.16	Leiktæki og búnaður/uppsetning			
A	Drumbatjald	TP101 (Duncan&Grove)	1	stk
	Vinna við uppsetningu (áætl.)		3,0	klst

*Tækin eru seld hjá nokkrum aðskildum aðilum og tekur tíma að fá verð ef við eigum að útvega ( sérsmíði á einhverjum tækjum)*

*Óskað er útskýringu á tilboðsskrá hvernig verkkaupi hefur sé fyrir sér að liðum sé skipt.*

*er t.d fyrri liður áætlaður fyrir samsetningu á leiktæki og seinniliður áætlaður tímafjöldi í uppsetningu?*

**Svar hönnuðar:** Takk fyrir ábendinguna, þarna voru gerð mistök í orðavali, verktaki skal leggja til leiktæki og annan búnað og sjá um uppsetningu á þeim. Verklýsing hefur verið uppfærð í samræmi við þetta. Í magnskrá er fyrri liður áætlaður fyrir verðið á leiktækinu en seinni liður fyrir kostnað við uppsetningu.



Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 9

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Óska eftir frekari skýringum á eftirfarandi*

*Gróðurhús. Eiga það að vera óeinangraðir prófílar og einfalt gler?*

*Eiga að vera vasaðir prófílar og vasað gler í boganum.*

*Gluggar í útihúsum eru merkti IG (innigluggar) eiga þeir samt ekki að vera ál/tré einangraðir?*

*Ef svo er, hvaða gluggar þá?*

**Svar hönnuðar:** Nei, í gróðurhúsinu á að vera gluggakerfi með einangruðum prófílum og tvöföldu gleri, í samræmi við aðra glugga í húsinu.

Engir gluggar eru í útihúsum. Innigluggar eru í „húsum“ úr hljóðísogandi plötum á heimarýmum svo líklegt er að þarna sé um misskilning að ræða. Þetta hefur verið gert enn skýrara á teikningum.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 10

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

Varðandi svar við þessari fyrirspurn no 9 þá er henni ekki svarað nema að hluta  
Óskað er svara við því hvort það eigi að vera valsaðir prófílar (bognir) og eins hvort það eigi að vera  
valsað tvöfalt gler í bogum (bognar rúður )  
Af hverju er liður 7,1,16 undir útveggjafrágangur en ekki 7,3 Útihurðir, gluggar, gler og gluggakerfi ?  
Þetta er mjög stór liður ef þetta á að vera bogið gler og prófílerfi  
Þessi liður virðist hálfskrifaður sjá lísingu :  
Sjá varklýsingu  
Gróðurhús tekur einungis til gler útveggja gróðurhúss og ...  
Verktaki skal sjá um að setja upp og útfæra með arkitekt og viðurkendum framleiðanda  
Gróðurhús.

Er þetta ekki fullhannað?

Varðandi frágang lóðar þá er búið að svara því að öll leiktæki skuli verktaki skaffa en þessi áætlaða  
vinna við uppsetningu hvernig á að skilja það ?  
Verður greitt síðan fyrir rauntíma sem fer í uppsetningu?

8.4.2016 Leiktæki og búnaður/uppsetning

A Drumbatjald	TP101 (Duncan&Grove)	1	stk
Vinna við uppsetningu (áætl.)		3	klst

Síðasta útgáfa af magnskrá er no 3 13-4-2022

Það kemur ekki fram hvaða liðum hefur verið breitt eða bætt við úr fyrri útgáfum þ.e með skýi eða  
með rauðlituðum texta eins og var gert í fyrri útgáfum.

Þetta er ekki ásættanlegt að leggja þetta frá má þennan hátt.

Óska eftir að það sé skýrt í síðustu útgáfu hverju hefur verið breitt frá fyrri útgáfum með rauðu eða á  
annan hátt svo það sé ljóst hverju hefur verið breitt.

Óskum efir að fá þetta sett fram á skýran hátt.

Þetta á einnig við um verklýsingu viðbætur þurfa að vera merktar sem viðbætur t.d með rauðu.

Óskað er eftir að þetta verði gert skýrar

## Svar hönnuðar:

### Gróðurhús:

Stærðir og form eru fullhönnuð og útfærsla á gróðurhúsi en gluggaprófilar verða skv. viðurkendum framleiðanda. Ekki er sérstök krafa hver hann er frá arkitekt svo lengi sem útlitskröfum og gæðum er fylgt.

En samkvæmt hönnun þá eiga glerið og prófílarnir að vera valsaðir (bognir), prófílar bognir og gler bogið.

Þar sem þetta er útveggur var þetta hluti af kafla 7.1.16 en að sjálfsgöðu er þessi útveggur gluggakerfi og því hefði hann einnig geta átt heima undir kafla 7.3. Þetta hefur hins vegar ekki áhrif á magntölur og verður því ekki uppfært á þessu stigi.

### Leiktæki:

Magnskrá 8. Kafla hefur verið uppfærð þannig að öll vinna og annað sem fylgir uppsetningu og frágangi leiktækja er nú innifalið í hverju leiktæki fyrir sig. Verktaki skal áætla eina heildartölu fyrir hvert leiktæki sem inniheldur leiktækið sjálft og allt sem fylgir því að skila því fullfrágengnum samkvæmt verklýsingu og öryggisstöðlum.

### Magnskrá:

Magnskrá var uppfærð 13.04.2022 og þeir kaflar sem uppfærðir voru litaðir rauðir:

Tilboðsblað	1 Aðstaða og Jarðvinna	2 Burðarvirki-130422	3 Lagnir	4 Rafkerfi	5 Frágangur innanhúss	6 Innréttingar og fastur búnaðu	7 Frágangur utaní...
-------------	------------------------	----------------------	----------	------------	-----------------------	---------------------------------	----------------------

Aræðisahlitir: Innsetningar

Einnig var sett inn í þá kafla sem voru uppfærðir ný dagsetning í rauðu lettri:

NR.	VERKBÁTTUR	SKÝRING	MAGN	EINING	EININGARVERÐ	HEILDARVERÐ
2	BURÐARVIRKI					

Í kafla 7. var aðeins einni setningu bætt við og var hún í rauðu lettri. Einstök atriði í kafla 2. voru hins vegar ekki lituð rauð en það hefur verið uppfært. Við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum.

### Verklýsingar:

Í uppfærðum verklýsingum eru nú allar breytingar sem gerðar hafa verið frá 1. Útgáfu litaðar rauðar.

Leikslinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 11

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Það eru afar litlar upplýsingar um kröfur á brunatjaldi*

*Óska eftir hvaða krafa er á því og eins stærð auk annar tæknilegra upplýsinga*

**Svar hönnuðar:** Á teikningum kemur fram að eldvarnartjald skal vera E30. Í kafla 6.2.5. í verklýsingum er því komin nánari lýsing á gerð stærð og hvernig frágangi á því tjaldi skuli háttað.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 12

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Það vantar frekari tæknilegar upplýsingar um kæli og frystiklefa*

*Stærð þ.e hæð og breiddir*

*Afköst*

*Eins vantar hvort hann er vatns eða loftkældir*

*Getum ekki séð að þetta komi fram á teikningum eða í lýsingu*

*6.2.6 Frysti- og kælieiningar í eldhúsi.*

*Verktaki skal sjá um að smíða grunn fyrir fristinn og setja upp frysti- og kælieiningar í framleiðslu eldhúsinu.*

*Staðsetning sést á grunnmyndum arkitekta.*

*Frystirinn og kælirinn eru báðir í útboði sem útboðsliður en ekkert annað tæki í eldhúsi er hluti af þessu útboði. Uppsett samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Frágangur steypu skal fylgja á teikningum verkfræðinga.*

*Sjá nánar í leiðbeinandi tegundaskrá.*

**Svar hönnuðar:**

Staðsetning og stærð sést á grunnmyndum arkitekta en hæð kælís og frystis skal vera upp að kerfislofti sem er 2500mm lofthæð í eldhúsi. Kælir og frystir eru vatnskældir, ekki eru sérstakar kröfur um afköst. Verklýsing hefur verið uppfærð samkvæmt þessu.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 13

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Góðan dag*

*Í lið 8,4,9 er talað um hleðslustöðvar á lóð*

*Á verktaki að skaffa stöð í þessum lið eða bara koma fyrir*

*Ef hann á að skaffa stöðvar þá vantar allar tækniupplýsingar*

*8.4.9 Hleðslustöð við bílastæði*

*Verktaki skal koma upp hleðslustöðvum við bílastæði þar af einni við bílastæði hreyfihamlaðra.*

*Magntölur eru stk og skal einingarverð innifela allt efni og vinnu við uppsetningu og frágang á hleðslustöðvum.*

**Svar hönnuðar:**

Nei hleðslustöðvarnar sjálfar eru ekki innifaldar í útboði. Einungis þarf að gera ráð fyrir þeim á lóð og útvega og leggja þær tengingar sem þörf er á. Verkkaupi mun sjálfur kaupa hleðslustöðvarnar.

Þú er að uppfæra þetta í verklýsingu.

Leikskólinn Urriðaholti  
Bygging og fullnaðarfrágangur húss og lóðar

Útboð 2106507

Fyrirspurn 14

**Varðar: Svar við fyrirspurnum.**

**Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist:**

*Sá fallega teikningu eftir þig af*

*í Garðabæ við Holtsveg 20. Er búinn að gera tilboð í Playtop efnið og vinnu við lagninguna en hef ekki fermetrana í hverjum lit fyrir sig. Áttu þessar tölur tiltækar? Ef svo er geturðu sent mér þær svo ég geti unnið tilboðið ennfrekar?*

**Svar hönnuðar:** Skjali með þessum upplýsingum hefur verið bætt við sem viðbótargögnum „Playtop litir“.